

Ráðning á starfsliði í samráði við stjórn stöðvarinnar og yfirlækni.
Skipulagning og stjórnun á daglegri starfsemi.

Innkaup á lyfjum, hjúkrunarvörum og hreinlætisvörum og eftirlit með notkun á þeim.

Vera til ráðuneytis um nýbyggingar og breytingar á húsnæði heilsugæslustöðvarinnar svo og kaupum á áhöldum og húsbúnaði.

Umsjón og skipulagning á námi hjúkrunarfræðinema í samráði við viðkomandi skóla, og umsjón með annarri þeirri fræðslustarfsemi, er stöðin veitir.

Gerð ársskýrslu stöðvarinnar í samvinnu við lækna.

Hjúkrunarforstjóra ber að fylgjast með nýjungum í heilsugæslu og hafa góða samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir.

4. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 10 frá 19. janúar 1967 fyrir
Vatnsveitu Þórshafnar.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í Þórshafnarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.1% af fasteignamati húsanna, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 fyrir einbýlishús.

Fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi kr. 3 000.00. Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 0.2% af fasteignamati húsanna, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 9. gr.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja upp mæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn og skal þá greiða kr. 10 00 fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatts sem um er getið í 8. gr. Vatnsveitunefnd sér um uppsetningu og útvegum mælanna, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að fjárhæð kr. 3 000.00.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 9. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 7.50, af hverju máli (síld) sem lagt er upp til bræðslu kr. 23.00, af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 100.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 20.00, af hverri kind, sem slátrað er, kr. 3.00.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórs-hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. ágúst 1978.

Nr. 349.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Lyfjaeftirlitið hefur eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum, sbr. reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

2. gr.

2. málsg. 5. gr. orðist svo:

Heilbrigðiseftirlitið skal þannig hafa eftirlit með sölu og varðveislu hættulegra efna, sem eru á boðstólum í verslunum, sbr. ákvæði reglugerðar um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

15. september 1978.

Nr. 350.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 frá 19. janúar 1967 um holræsi á Þórshöfn.

5. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni og til þess að standa straum af kostnaði við lagningu og viðhald holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóðarréttindi við götu, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða hluta húss, sem talin er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.